

## **Forsætisráðherra hittir forseta framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins**

Jóhanna Sigurðardóttir, forsætisráðherra, hittir José Manuel Barroso, forseta framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, á fimmtudag. Jóhanna sagði að fundurinn hefði verið löngu ákveðinn. Icesave-málið, samstarf Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og lán frá Norðurlöndunum muni án efa bera á góma, að því er mbl.is greinir frá.

Þar segir enn fremur:

„Engar upplýsingar fengust úr Stjórnarráðinu um ferð Jóhönnu og hafði Útvarpið eftir Hrannari B. Arnarssyni, aðstoðarmanni Jóhönnu, að fundir hennar með embættismönnum Evrópusambandsins, ættu að fara leynt.“